

Nd. 526. Frumvarp til laga [194. mál]

um breyting á lögum nr. 56 27. maí 1975, um breyting á lögum um atvinnuleysis-
tryggingar, nr. 57 27. apríl 1973 (fæðingarorlof).

(Eftir 2. umr. í Nd., 25. apríl.)

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna komi nýr málslíður, svo hljóðandi:

Ákvæði í 16. gr. g. 1. málsg. og í 18. gr. 2. málsg. skulu ekki skerða bótarétt
í forföllum vegna barnsburðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 1. gr. skal einnig gilda um þær konur, sem synjað hefur verið um
fæðingarorlofsgreiðslur vegna þeirra aðstæðna, sem 1. gr. á við um.

Fyrir 1. janúar 1978 skal ríkisstjórnin láta kanna á hvern hátt megi veita öll-
um konum í landinu sambærilegt fæðingarorlof og tryggja tekjustofn í því skyni.
Niðurstöður þessarar könnunar skal leggja fyrir Alþingi.